



### Þriðji verkefnafundur í Reykjavík, Íslandi

Dagana 2.-4. júní 2025 fór fram þriðji fjölbjóðlegi verkefnafundur Erasmus+ verkefnisins PERSPEKTIVE í Reykjavík, Íslandi. Viðburðurinn var skipulagður af íslenska samstarfsaðila verkefnisins, HöfðiHorizon. Í upphafi fundarins fengu þátttakendur áhugaverða innsýn í íslenska fangelsiskerfið, þar á meðal leiðsögn um fangelsið á Hólmsheiði undir stjórn fangelsismálastjórans Halldórs Vals Pálssonar. Sérstaklega eftirminnileg var persónuleg saga fyrrverandi fanga, Guðmundar Inga Þóroddssonar, sem stofnaði félagasamtökin Afstöðu fyrir 20 árum. Sérstakur hápunktur annars dagsins var heimsókn Tolla Morthens - eins þekktasta listamanns Íslands. Ásamt fyrrverandi föngum talaði hann opinskátt og á áhrifaríkan hátt um listrænt og meðferðarlegt starf sitt með föngum. Hann kynnti aðferðir sínar sem fela í sér öndunaræfingar og notkun svokallaðra "Svitahúsa" sem styðja við tilfinningalega og líkamlega sjálfsígrundun.

Næstu dagar voru helgaðir kjarnastarfi verkefnisins: samstarfsaðilar kynntu kafla og efni fyrir PERSPEKTIVE handbókina og tímaritið, ræddu þróun evrópska sérfræðingansins og könnuðu leiðir til miðlunar. Í litlum vinnuhópum var fjallað ítarlega um lykilatriði á borð við verkefnastjórnun, almannatengsl og innra tengslanet. Menningarlegur hápunktur fundarins var svo ferðadagskrá síðasta daginn sem innihélt heimsóknir í Hellsheiðarvirkjun, á Gullfoss, Geysisvæðið, í tómataræktunina að Friðheimum og Þingvallapjóðgarð - áhrifamikill dagur um samruna menningarskipta og sjálfbærni.



Fundurinn heppnaðist afar vel og lagði mikilvæg skref að mörkum til frekari þróunar og styrkingar evrópska samstarfsnetsins innan PERSPEKTIVE verkefnisins.



## E-Tímarit

Þýska tímaritið "Wir im Sport", gefið út af Íþróttasambandi Norðurrín-Vestfalíu, birti grein um PERSPEKTIVE verkefnið og hvernig það tengist reynslumiðuðum verkefnum í fangelsissamhengi.

[Sjá nánar.](#)

## Svitahofsathöfn á Íslandi

PERSPEKTIVE hópurinn fékk tækifæri til að taka þátt í öflugri og djúpstæðri andlegri reynslu: hefbundnu svitahúsi undir leiðsögn [Tolla Morthens](#) - eins frægasta listamanns Íslands - ásamt bæði fyrrverandi fögum og öðrum þátttakendum, þar á meðal íslensku samstarfsaðilunum okkar Steinunni og Agnari. Þessi athöfn gerði okkur líkamlega örþreytt end andlega upplyfta. Og já - að stökkva út í ískalda á eftir á milli lota hjálpaði svo sannarlega!



## Starfsnámsmessa í Erkelenz 2025



Á starfsnámsmessu í Erkelenz gafst fulltrúum verkefnisstjórans WHKT tækifæri til að kynna fjölmörg tækifæri, sem Erasmus+ áætlunin býður upp á, bæði fyrir ungu fólki og fulltrúum atvinnulífsins. Í kjölfarið hafa aðrir hagsmunaaðilar á borð við menntastofnanir, viðskiptaráð og iðnaðarmannafélög sem og Samband vinnumálastofnana sýnt mikinn áhuga á þátttöku með WHKT í fangelsum sem hluta af Erasmus+ verkefni PERSPEKTIVE.

## Rafrænn vettvangur fyrir nám fullorðinna

EPALE er evrópskt, fjöltyngt, opið samfélag fagfólks í fullorðinsfræðslu, þar á meðal kennara og þjálfara fullorðinna, leiðbeininga- og stuðningsaðila, rannsakenda, fræðimanna og stefnumótenda. Hugmyndin er að sérfræðingar á tilteknu sviði (verkefnisaðilar og fleiri) geti beint deilt bestu starfsvenjum, árangurssögum og nýstárlegum aðferðum til að styðja endurhæfingu fanga með reynslumiðuðu námi.

[Þú getur náð í PERSPEKTIVE EPALE samfélagið hér](#)

